



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

**Niðurstöður samráðs um skýrslu um opinn aðgang að niðurstöðum rannsókna - Tillögur verkefnishóps mennta- og menningarmálaráðherra**

Skýrsla verkefnishóps mennta- og menningarráðherra sem starfar í samræmi við aðgerðaráætlun Vísinda- og tækniráðs um opin vísindi skilaði í desember 2019 tillögum um opinn aðgang að niðurstöðum rannsókna. Skýrslan var birt 13. mars 2020 í samráðsgátt stjórnvalda (mál nr. S-70/2020) og kallað eftir umsögnum til 27. mars. Ein umsögn barst frá Háskóla Íslands sem fagnaði framkominni skýrslu um opinn aðgang og tillögum verkefnahóps mennta- og menningarmálaráðherra. Háskólinn telur tillögurnar í samræmi við þróun í nágrannalöndunum og benti jafnframt á mikilvægi þess að stjórnvöld móti stefnu og aðgerðaráætlun sem fyrst.

Ráðuneytið vinnur nú að stefnu á grundvelli skýrslunnar með það að markmiði að stuðla að því að rannsóknarniðurstöður sem greiddar eru fyrir opinbert fé séu aðgengilegar á rafrænu formi án endurgjalds svo að flestir geti nýtt sér niðurstöður þeirra. Með opnum aðgangi að rannsóknargögnum er stuðlað að útbreiðslu þekkingar og nýtingu hennar í samfélaginu, en jafnframt verið að efla gæði rannsókna. Með því að opna aðgang skapast ábóti fyrir allt samfélagið, hraðar vexti þess og hvetur til nýsköpunar. Vakin er athygli á að samþykkt hefur verið ný vísinda- og tæknistefna 2020-22 þar sem er meðal annars að finna aðgerðir sem fela í sér næstu skref í átt að opnum vísundum.

Innleiðing stefnunnar mun kalla á samstarf margra aðila s.s. Vísinda- og tækniráðs, háskóla, rannsóknarstofnanna, annarra ráðuneyta, bókasafna, stjórna opinberra rannsóknarsjóða, og útgefanda vísindatímarita.